

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga LSH annast fjárreiður sjóðsins og bókhald f. h. sjóðsstjórnar. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og þeir birtir með ársskýrslu LSH.

## 7. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Leita skal samþykkis stjórnarnefndar LSH fyrir breytingunum. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur sem staðfest var þann 5. janúar 1964 svo og starfsreglur Vísindasjóðs Landspítalans staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 31. október 1994.

Samþykkt á fundi stjórnarnefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss 8. maí 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Árkvörn 6, Ártúnsskóli/Árbæjarsafn.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árkvörn 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Eggertsgata 24.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Eggertsgötu 24.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Miðbær/Kvosin.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ/Kvosina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sundaborg 1-15 og 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sundaborg 1-15 og 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 10. ágúst 2001.*

**Porvaldur S. Porvaldsson** skipulagsstjóri.

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Hveragerði.

1. gr.

Kattahald í þéttbýli í Hveragerði sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Til þess að geta haldið ketti í Hveragerði þarf sérstakt leyfi bærarstjórnar að fenginni umsókn. Það skal veitt lögráða einstaklingum sem búa í bæjarfélaginu. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Leyfið má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, sbr. 13. tölul. A stafl. 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem bærarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt fyrirfram, í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. október fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.
- d) Leyfishafi er ábyrgur fyrir tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda og skal leyfishafi hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingarfjárhæð verði samkv. almennum skilmálum tryggingarfélaga.
- e) Kettir skulu ávallt bera merki sem veiti upplýsingar um leyfishafa. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.